

Fundur í fagraði nautgriparæktar 11. janúar 2023

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 11. janúar 2023 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Egill Gunnarsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigtryggur V. Herbertsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Elín Heiða Valsdóttir, Björn S. Gunnarsson og Sigurbjörg Bergsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Naut í notkun
3. Spermvital – framhald Spermvital sæðistöku og framboð
4. Birting kynbótamats nauta annarra en sæðingnauta
5. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagraðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 5. desember 2022, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Naut í notkun.

Guðmundur fór yfir niðurstöður síðasta erfðamats og naut í notkun. Hann gerði að tillögu sinni að Bikar 16008, Jarfi 16016, Herkir 16069, Þróttur 17023, Óberon 17046, Barón 17050, Ítali 17056, Beykir 18031, Samson 19060 og Svarfi 20027 yrðu teknir úr notkun þar sem þeir væru fullnotaðir eða notkun verið fremur dræm undanfarið. Nautum í notkun yrði fækkað aðeins og nýir inn kæmu Kollur 18039, Bússi 19066, Bersi 20004, Hengill 20014 og Kaldi 21020. Tillagan samþykkt.

Rætt um val á nautkálfum, hvað væri lagt til grundvallar og viðmiðunar. Guðmundur sagði að þetta væri allt í þróun ennþá en eins og staðan væri núna væri einukum horft til kálfa með 110 eða hærra í erfðamati. Þetta væri þó ekki alveg klippt og skorið, horfa yrði til fleiri eiginleika við valið sem og hvaða fjöldi næði lágmarkum.

3. Spermvital – framhald Spermvital sæðistöku og framboð.

Formður ræddi um Spermvital og hvort halda ætti áfram að bjóða upp á þannig sæði. Sveinbjörn sagði að notkun væri mismikil eftir bæði héruðum og frjótæknum en miðað við tölur um útsent sæði á síðasta ári væri notkun þess 7-8%. Fundarmenn á því að rétt væri að bjóða upp á slíkt sæði áfram en ekki væri þörf á að bjóða upp á það úr öllum nautum og líklega væri nóg að blanda slíkt sæði einu sinni á ári.

Spurt var hvort hægt væri að samræma sæðistöku úr holdanautum við Spermvital-sæðistöku þannig að til boða stæði Spermvital-holdasæði. Sveinbjörn sagði að þetta væri ekki óhugsandi og væri vert að skoða. Hins vegar gætu tæknileg atriði gert þetta illkleyft en sjálfsagt að skoða málið. Þarna

spiluðu þó ýmsir þættir inn í eins og að Spermvital-blöndun og frysting yrði að fara fram á Hesti en sæðið úr þeim nautum sem um ræðir væri tekið á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti.

4. Birting kynbótamats nauta annarra en sæðingnauta.

Formaður fór yfir að nokkrir bændur hefðu sent inn sýni úr nautum sem væru hugsuð sem heimanaut og svo væru þó nokkrir nautkálfar sem væru arfgerðargreindir fyrir Nautastöðina en ekki keyptir. Mat slíkra nauta væri t.d. ekki birt í Danmörku. Hann óskaði eftir viðhorfum fagráðsmanna gagnvart þessu, þ.e. hvort við ættum að birta mat þessara nauta eða ekki. Fagráðsmenn þeirrar skoðunar að birta eigi allt kynbóta-/erfðamat, það sé greininni ekki til framdráttar að leyndu upplýsingum. Áhugi manna og notkun sæðingnautanna ætti að byggja á faglegu mati þar sem til grundvallar lægju allar upplýsingar og menn ættu að sjá það sjálfir að hag þeirra og kynbótastarfsins væri best borgið með mikilli og útbreiddri notkun sæðinga og lágmarksnotkun heimanauta. Þau fengju t.d. aldrei eins öruggt mat og sæðingnautin auk þess sem áhættan af notkun þeirra væri meiri en ásættanleg gæti talist fyrir hvern og einn.

5. Önnur mál.

Þórdís sýndi fyrstu niðurstöður á mati fyrir vaxtarhraða. Fram kemur mikill munur milli nauta. Rætt um að þessar upplýsingar gætu verið mjög gagnlegar fyrir bændur sem ælu naut til kjötframleiðslu og stefna ætti að birtingu þess sem fyrst. Þórdís og Guðmundur sögðu að því stefnt en fyrst þyrfti að vinna matið betur og vinna ákveðna vinnu til þess að gera það birtingarhæft.

Sveinbjörn ræddi sæðismagn úr hverju nauti, hvort taka ætti mismikið úr nautunum eftir mati þeirra. Guðmundur sagði að vinna þyrfti sviðsmynd af nýju ræktunarskipulagi þar sem tekið væri tillit til kjörerfðaframlaga. Þar væri líklegt að staðan yrði sú að m.t.t. skyldleika yrði æskilegt að nota naut mismikið og því líklegt að taka þyrfti mismikið sæði. Sveinbjörn og Guðmundur tjáðu fagráði að þeir myndu að öllum líkindum ákveða mismikla sæðistöku eftir heildareinkunn þar til skýrari línur yrðu dregnar.

Einnig rætt um fyrstu niðurstöður Þórdísar á mati fyrir fleiri og nýja eiginleika. Guðmundur nefndi að hanna þyrfti einkunn eða mat fyrir fóðurnýtingu, í líkingu við það sem er notað í norræna kynbótamatinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Sveinbjörn Eyjólfsson
(sign.)

Þórdís Þórarinsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 5. desember 2022
2. Niðurstöður erfðamats í janúar 2023